

Námmsgögn verða keypt af eiginmanni formanns skólanefndar

Seltjarnarnesbær mun kaupa námmsgögn fyrir börn í 1. til 6. bekk af A4. Eiginmaður Sigrúnar Eddu Jónsdóttur, formanns skólanefndar og bæjarráðs, er eigandi A4. Hún segist enga aðkomu hafa haft að málinu en hún sé vissulega hagsmunaaðili.

STJÓRNSÝSLA „Ég kom ekki nálægt þessu. Auðvitað er svona alltaf óheppilegt, ég jata það, en ég hef aldrei komið nálægt ritfangakaupum skólans eða bæjarins,“ segir Sigrún Edda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs og skólanefndar Seltjarnarnesbæjar. Í vor samþykkti skólanefndin að kaupa inn helstu námmsgögn fyrir börn í 1. – 6. bekk Mýrarhúsaskóla. Um er að ræða blýanta, strokleður, yddara, skæri, lím og annað sem metið var sem svo að væri kostnaðarsamt á innkaupalista skólans samkvæmt upplýsingum frá Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra. Foreldrar og forráðamenn barnanna þurfa þó enn að kaupa stílabækur og plastmöppur en börn í 7. – 10. bekk við Valhúsaskóla njóta ekki þessarar niðurgreiðslu. Tugir skóla hafa að undanfögnu ákveðið að greiða námmsgögn fyrir grunn-skólabörn í vetur.

Sigrún Edda segir skólann hafa komið með tillögu í vor um að greiða hluta námsgagna yngri bekkjanna. Hún hafi verið samþykkt samhljóða í skólanefnd og skólastjórnendum falið að útfæra það. „Síðan hef ég ekki komið nálægt málinu.“

Þorgerður Anna Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri grunnskóla Seltjarnarness, segir aðspurð að leitað hafi verið tilboða hjá helstu



Sigrún Edda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs og skólanefndar Seltjarnarnesbæjar.

heildsölum og ritfangaverslunum vegna kaupa bæjarins á námmsgögnunum. Þar hafi A4 átt lægsta tilboðið og því hafi verið tekið. Heildarkostnaður bæjarins vegna innkaupanna eigi þó enn eftir að koma í ljós.

A4 sem hreppti samninginn er í eigu félaga sem forstjóri þess, Egill Þór Sigurðsson, á en hann er eiginmaður Sigrúnar Eddu Jónsdóttur. Samkvæmt ferilskrá Sigrúnar á vef Sjálfstæðisflokksins var hún með eigandi fyrirtækisins og starfaði við fjármál og eignasýslu þess til ársins 2011. Þegar Fréttablaðið ræddi við Sigrúnu á sunnudagskvöld kvaðst hún ekki hafa heyrt af því að A4 hefði fengið samninginn en sagði skiljanlegt að sú staðreynd vekti tortryggni. Aðkoma hennar væri þó engin.

„Ég á ekki í A4, maðurinn minn á það. En auðvitað er ég mikill hagsmunaaðili, það er ekki spurning. En ég hef aldrei komið nálægt innkaupum bæjarins á ritföngum, það er bara ekki hægt.“ – smj

Aftur óeining um leiðtogakjör

STJÓRN MÁL Skiptar skoðanir eru meðal Sjálfstæðismanna í borginni um ágæti boðaðs leiðtogakjörs fyrir borgarstjórnarkosningarnar sem fyrirhugað er í október. Stjórn Varðar fundar í kvöld vegna málsins.

Skiptar skoðanir eru meðal flokksmanna um ágæti leiðtogaprófkjörsins. Á síðustu dögum hefur Fréttablaðið átt samtöl við nokkra Sjálfstæðismenn sem eru andvígir þessari leið. Telja þeir meðal annars að dagsetningin sé óhentug.

„Það er landsfundur hjá flokknum í byrjun nóvember og við töldum heilavænlegast að oddviti og borgarstjóraefni lægi fyrir fyrir hann. Annars sé hætt á að landsfundurinn litist af þeim slag en ekki þeirri málefnavinnu sem þar á að fara fram,“ segir Árni Arnason, stjórnamaður í Verði. – jõe / sjá síðu 6

Bankarnir hafa hag af aukinni verðbólgu

VIÐSKIPTI Verðtryggingarmisvægi stóru viðskiptabankanna þriggja hefur aukist um 139 prósent á síðustu fimm árum. Misvægið hefur aukist úr 160 milljörðum í 384 milljarða en mest er aukningin hjá Landsbankanum eða 97% af eiginfé bankans í lok júní.

Verðtryggingarmisvægi banka er munurinn á verðtryggðum eignum og skuldum bankanna.

Allir bankarnir þrír eiga meira af slíkum eignum en skuldum sem þýðir að meiri verðbólga skilar bönkunum aukningu í hreinum vaxtatekjum. Hafa þeir því mikla fjárhagslega hagsmuni af því að verðbólga aukist.

– kij / sjá síðu 4



Knapinn Jakob Svavar Sigurðsson varð heimsmeistari í tölti 2017 á nýafstöðnu heimsmeistaramóti í hestaiþróttum sem fram fór í Oirschot í Hollandi. Hann átti eftirminnilega sýningu á glæsihryssunni Glóriu frá Skúfslæk. Árangur íslenska liðsins var fádæma góður í töltkeppninni og fór það heim með gull, silfur og brons. MYND/ KRIJN BUIJTELAAR

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um Trump og hryðjuverkið í Charlottesville. **11**

SPORT ÍBV varð bikarmeistari í fimmta sinn. **13**

LÍFID Hljómsveitin Maus mun spila á Airwaves hátíðinni í nóvember næstkomandi og þar ætlar hún að taka plötuna Lof mér að falla að þínu eyra í heild sinni, en platan verður 20 ára þennan sama nóvember. **26**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

VERTU LAUS VIÐ LIÐVERKI




NUTRILENK™
GOLD



A4
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

Veður



Hæg breytileg eða suðaustlæg átt í dag. Viða skúrir upp úr hádegi en samfelld rigning suðaustantil.

SJÁ SIÐU 18

Úti er um vatnsævintýrið

VIÐSKIPTI Skiptum er lokið á þrotabúi félagsins IV Iceland ehf. sem hugðist taka við keflinu af Kanadamanninum Otto Spork á Rífi á Snæfellsnesi með vatnsverksmiðju þar um slóðir.

Engar eignir fundust í búi IV Iceland og lauk skiptum 4. ágúst síðastliðinn en félagið hafði verið úrskurðað gjaldþrota í Héraðsdómi Vesturlands í janúar 2016. Lýstar kröfur námu ríflega 24,3 milljónum króna. IV Iceland var samkvæmt síðasta ársreikningi félagsins frá 2011 í eigu félagsins IV sem skráð er í Lúxemborg. IV Iceland keypti vatnsverksmiðjuhús Iceland Glacier Product árið 2012 en fram kom í fréttum þá að eigendur félagsins væru breskir fjárfestar.

Árið 2014 sagði Visir frá því að illa hefði gengið hjá IV Iceland að standa við framkvæmdaáætlun og ekkert þokast í því að koma vatnsframleiðslu á Snæfellsnesi á koppinn. – smj

Banaslys við Reynisfjöru

SLYS Maður á sjötugsaldri lést við Reynisfjöru í Mýrdal laust fyrir klukkun sjö í gærkvöld þegar hann féll til jarðar eftir að hafa flogið þar um á svífvæng.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurlandi báru lífgunartilraunir ekki árangur og var hann úrskurðaður látinn á staðnum. Maðurinn var erlendu ferðamaður. Rannsókn málsins er í höndum lögreglunnar á Suðurlandi. Ekki var unnt að greina frá nafni mannsins þegar Fréttablaðið fór í prentun. Þetta er níundi ferðamaðurinn sem lætur lífið af slysförum hér á landi það sem af er ári.

Öryggismál við Reynisfjöru hafa verið nokkuð í kastljósi fjölmiðla undanfarin ár, en ráðist hefur verið í ýmsar aðgerðir í þeim tilgangi að upplýsa gesti við fjöruna um aðstæður og hvað beri að varast. Fjölmargir hafa kallað eftir auknu eftirliti og frekari merkingum í fjörunni. – khn

Minntust Hafliða



Fjöldi fólks kom saman á Rútstúni í Kópavogi í gærkvöldi til að minnast Hafliða Arnar Bjarnasonar sem svipti sig lífi á geðdeild í síðustu viku eftir að hann var fluttur þangað í sjálfsvígshættu. Vinir Hafliða skipulögðu athöfnina en þeim fannst hann eiga skilið að hans yrði minnst á góðan og fallegan hátt. Kveikt var á kertum og mikill samhugur ríkti meðal viðstaddra. Hafliði Arnar var 23 ára þegar hann lést. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hlutabréf í Snapchat hriðfalla

VIÐSKIPTI Hlutabréf í Snapchat hriðfelli um sautján prósent í verði eftir að félagið birti uppgjör annars fjórðungs ársins. Rekstur félagsins gekk verr en greinendur spáðu. Félagið tapaði meira en 400 milljónum dala, eða 42,3 milljörðum króna, á tímabilinu. Hlutabréfaverð í Snapchat hefur lækkað nær látaust frá því að félagið var skráð á markað í mars. Gengi bréffanna var sautján dalir á hlut við skráningu en er nú undir fjórtán dólum.

Evan Spiegel, stofnandi og forstjóri Snapchat, reyndi á fundi með fjárfestum að blása þeim kjark í brjóst. Lofaði hann að hvorki hann né meðstofnandinn, Robert Murphy, myndu selja hlutabréf sín í félaginu á árinu. – kij



Ríkið vann dómsmál um bústað í Þjóðgarði

Maður sem átti samþykkt tilboð í sumarhús á Valhallarstíg tapaði dómsmáli er hann höfðaði eftir að ríkið gekk inn í kaupin. Húsið var talið ónýtt og Þjóðgarðsvörður lét rífa það áður en dómur féll. Óljóst er með áfrýjun til Hæstaréttar.

DÓMSMÁL Ríkið mátti kaupa sumarhúsið á Valhallarstíg 13 á Þingvöllum segir Héraðsdómur Reykjavíkur sem hafnaði þar með kröfum Sigurðar H. Garðarsson sem hafði áður fengið samþykkt tilboð í bústaðinn hjá fyrri eigendum.

Félagið V86 ehf. keypti bústaðinn á Valhallarstíg 13 sumarið 2007. Á bak við kaupin var annar eigenda V86, Svanur Kristbergsson. Eins og önnur sumarhús í Þingvallabjörgarði stendur bústaðurinn á leigulöð í eigu ríkisins. Vegna stefnu Þingvallanefndar um að lóðarleiguréttur sé í höndum einstaklinga en ekki fyrirtækja var leigurétturinn skráður á Svan sjálfan á árinu 2010.

Í ágúst 2012 gerði Sigurður H. Garðarsson tilboð í eignina á Valhallarstíg. Hömlur, dótturfélag Landsbankans, var þá afsalshafi hússins sem verðsett var hjá bankanum og samþykkti tilboðið. V86 var tekið til gjaldþrotaskipta í október 2012.

Upphófst nú afar flókin atburðarás. Þjóðgarðsvörður sendi forsætisráðuneytinu bréf í febrúar 2014 og lýsti þar vilja Þingvallanefndar til að nýta forkaupsrétt og eignast húsið fyrir þær 19,25 milljónir króna sem Sigurður H. Garðarsson hafði boðið í það. Varð það úr að ríkið keypti húsið og færði í umsjá Þingvallanefndar sem, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu, ætlaði sér að fjarlægja húsið og opna aðgang fyrir almenning að bakka Þingvallavatns.

Sigurður undi ekki þessum mála-lyktum og stefndi ríkinu, Þingvallanefnd, Svani Kristbergssyni auk skiptastjóra þrotabús V86 fyrir héraðsdóm.



Valhallarstígur 13 sumarið 2015. Húsið var rífið í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

» Bústaðurinn á Valhallarstíg 13 var byggður árið 1965. Húsið, sem var úr timbri, var 54 fermetrar.

Meðal raka Sigurðar var að komið hafi verið langt út fyrir þann 15 daga forkaupsrétt sem Þingvallanefnd hafi í slíkum málum áður en tekin hafi verið ákvörðun um að nýta réttinn og hann því fallinn niður. Þingvallanefnd hafi brotið gróflega reglur um stjórnsluhraða og stjórnslurétt.

Lögmaður ríkisins sagði engar stjórnslureglur, hvorki

skráðar né óskráðar, hafa verið brotnar. Kaupsamningur Sigurðar hafi fallið niður tveimur mánuðum eftir dagsetningu hans þar sem í samningnum hafi verið fyrirvari um að Þingvallanefnd samþykkti að framselja lóðarréttindin til hans. Það hafi nefndin ekki gert. Undir þetta sjónarmið lögmanns ríkisins tók Héraðsdómur Reykjavíkur og sýknaði ríkið. Sigurður segir að enn hafi ekki verið tekin ákvörðun um hvort dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar. Hann tjái sig ekki um málið í bili. Þjóðgarðsnefnd lét rífa bústaðinn í febrúar. Í kaupsamningi Sigurðar var þess einmitt getið að húsið væri ónýtt. gar@frettabladid.is

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



RENAULT
Passion for life

Nýr Renault CAPTUR

Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki



KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fánlegur beinskíptur eða sjálfskíptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km* í blönduðum akstri.

Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.

RENAULT CAPTUR ZEN
Verð frá: 2.690.000 kr.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Sóðaskapur á Hornafirði og átaks þörf

SAMFÉLAG Bæjarráð Hornarfjarðar hvetur alla til að ganga betur um urðunarstaðinn í Fjárhúsavík og bendir á að aðeins er heimilt að losa þar garðaúrgang. Áhyggjuefni er hvað umgengnin þar er slæm.

Í fundargerð bæjarráðs var farið yfir ábendingar frá heimsókn framkvæmdastjóra HAUST, Heilbrigðis-

eftirlits Austurlands, Helgu Hreinsdóttur, vegna ástands og umgengni við urðunarstaðinn í Lóni, jarðvegstípi í Fjárhúsavík og móttöku- og flokkunarstöð. Kemur fram að umgengni á þessum stöðum er ábótavant og mikilvægt að gerð verði bragarbót hvað það varðar.

Bæjarstjóri upplýsti að undanfarna

daga hafi verið gengið umhverfis Lón og efni sem fokið hafi af urðunarstað hreinsað. Bæjarstjóri fór einnig yfir ástand lóðar við móttöku- og flokkunarstöð, nauðsynlegt er að ráðast í lagfæringar á henni og malbika portið nú í haust. Bæjarráð vísar kostnaði við þá framkvæmd til viðauka við fjárhagsáætlun. – bb



Illu er gengið um svæðin þar sem má henda rusli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Tveir menn sváfu í gámnum þegar eldur kom upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Grunaður um íkveikju

LÖGREGLUMÁL Maður sem grunaður er um að hafa kveikt í íbúðargámi fyrir útgangsfólk á Granda aðfaranótt sunnudags var yfirheyrður í gær. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er nú beðið niðurstaðna tæknideildar sem rannsakaði eldsupptök á vettvangi. Ekki liggur fyrir hvað mannum gekk til en hann var samkvæmt upplýsingum frá lögreglu í annarlegu ástandi þegar atvikið átti sér stað.

Tveir menn voru sofandi í gámnum þegar eldur kom upp í honum og komust þeir út við illan leik. Lögreglu barst tilkynning um eldinn klukkan tvö aðfaranótt sunnudags og var hinn grunaði handtekinn skömmu síðar. Gámurinn er talinn óíbúðarhæfur en öðrum íbúðareiningum tókst að bjarga frá tjóni. Farið verður fram á gæsluvarðhald yfir mannum. – smj

Lík af manni fannst í Hvítá

LÖGREGLUMÁL Í leitarflugi Landhelgisgæslu með björgunarsveitarmönnum Eyvindar á Flúðum í gær fannst lík af karlmanni við austurbakka Hvítár, neðan Brúarhlaða.

Líkið hefur verið flutt til rannsóknar á Rannsóknarstofu Háskólans í réttarmeinafræði þar sem fram fer krufning á því ásamt því að kennslanefnd ríkislögreglustjóra mun vinna með réttarmeinafræðingi að því að bera kennsl á það.

Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni á Suðurlandi eru taldar sterkar líkur á því að líkið sé af Nika Begadze sem féll í Hvítá við Gullfoss þann 19. júlí síðastliðinn. – smj

Misvægið hefur aukist um 140 prósent á fimm árum

Verðtryggingarmisvægi stóru bankanna þriggja hefur aukist verulega á undanfarin ár, úr 160 milljörðum í 384 milljarða á síðustu fimm árum. Aukningin er hvað mest hjá Landsbankanum en misvægið var um 97 prósent af eiginfé bankans í lok júní. Bankarnir hafa mikla fjárhagslega hagsmuni af því að verðbólga aukist.

VIÐSKIPTI Verðtryggingarmisvægi stóru viðskiptabankanna þriggja jókst um rúma 73 milljarða króna í fyrra og var 384 milljarðar í lok síðasta árs. Sem fyrr var misvægið hvað mest í bókum Landsbankans en verðtryggðar eignir bankans, umfram verðtryggðar skuldir, voru 207 milljarðar króna í lok síðasta árs eða um 82 prósent af eiginfjárgrunni bankans. Jókst misvægið hjá bankanum um 38 milljarða á milli ára.

Alls hefur misvægi bankanna aukist úr 160 milljörðum í 384 milljarða, eða um 139 prósent, á síðustu fimm árum.

Í nýrri skýrslu Bankasýslu ríkisins er bent á að verðtryggingarskekkingu upp á 384 milljarða króna í lok síðasta árs þýði að hreinar vaxtatekjur bankanna aukist um 3,8 milljarða króna við hverja prósentustigsaukningu í verðbólgu. Vísitala neysluverðs hækkaði um 2,1 prósent í fyrra samanborið við 2,0 prósent árið áður.

Til útskýringar er verðtryggingarmisvægi banka munurinn á verðtryggðum eignum og skuldum bankanna. Allir bankarnir þrír eiga meira af slíkum eignum en skuldum sem þýðir að meiri verðbólga skilar bönkunum aukningu í hreinum vaxtatekjum.

Það er þó nokkur einföldun að segja að bankarnir hagnist beinlínis á aukinni verðbólgu, enda er þá ekki tekið tillit til þess að vextir ákvarðast meðal annars af væntingum um verðbólguþróun.

Ef verðbólgan þróast í samræmi við væntingar eiga bankarnir að hagnast álíka mikið af óverðtryggðum eignum og skuldum og verðtryggðum. Þannig er hagstæðara fyrir banka að hafa jákvætt verðtryggingarmisvægi ef verðbólga reynist meiri en væntingar. Sé hún minni en væntingar tapa bank-

arnir hins vegar á því að hafa slíkt jákvætt misvægi.

Eins og áður sagði jókst verðtryggingarmisvægi Landsbankans um 38 milljarða króna í fyrra og var 207 milljarðar króna í lok ársins. Eins prósentustigs aukning í verðbólgu eykur því vaxtatekjur bankans um 2,1 milljarð króna. Samkvæmt nýbirtum árs- hlutareikningi bankans fyrir fyrstu sex mánuði þessa árs jókst misvægið um 24 milljarða á tímabilinu og var samtals orðið tæpir 232 milljarðar króna, eða 97 prósent af eiginfjárgrunni bankans, í lok júnímánaðar.

Verðtryggingarmisvægi Íslandsbanka jókst um rúma fjórtán milljarða í fyrra og var 60,9 milljarðar króna eða um 34 prósent af eiginfjárgrunni bankans í lok ársins.

Hjá Arion banka jókst misvægið um 21 milljarðar á síðasta ári og var 116 milljarðar í árslok eða um 55 prósent af eigin fé bankans. Til samanburðar var misvægið 45 milljarðar í lok árs 2012.

Ólíkt því sem gildir um gjaldeyrisjöfnuð banka hafa engar reglur verið settar um hversu hátt hlutfall verðtryggingarmisvægis má vera af eiginfjárstöðu þeirra. Samkvæmt reglum Seðlabankans má gjaldeyrisjöfnuður banka ekki nema meira en fimmtán prósentum af eigin fé. Sambæri-

legar reglur um verðtryggingarmisvægi voru afnumdar á tíunda áratugnum.

Í byrjun árs 2014 lagði meirihluti sérfræðingahóps um afnám verðtryggingar á nýjum neytandalánum það til að bönkunum yrði gert skylt að hafa jafnvægi á milli verðtryggðra eigna og skulda. Viðvarandi verðtryggingarmisvægi bankanna, eins og þekkt hefur undanfarin ár, yrði þannig óheimilt.

Var hugmynd meirihlutans sú að ýta undir þá þróun að vægi verðtryggðra skulda heimilanna myndi minnka og um leið skapa hvata fyrir bankana til að bjóða neytendum aukid framboð af óverðtryggðum íbúðalánum. kristinningi@frettabladid.is

Bankarnir hafa mikla fjárhagslega hagsmuni af því að verðbólga aukist. SAMSETT MYND/VILHELM



14. - 19. ÁGÚST

m mongoose

FJALLAHJÓLA VÍKA!

30% AFSLÁTTUR

AF MONGOOSE TYAX, METEORE, SWITCHBACK, ARGUS FATBIKE, GIRO FJALLAHJÓLAHJÁLUM OG FJALLAHJÓLASKÓM

GAP
WWW.GAP.IS

FAXAFENI 7 · SÍMI 5 200 200

ÚTSÖLUVÍKUR Í ÁGÚST!

TIL HAMINGJU MED SIGURINN



B R G U N



BORGUNAR
BIKARINN

Braust inn til að þrifa íbúðina

BANDARÍKIN Íbúa Arlington í Virginíu, brá í brún þegar hann kom heim til sín eftir ferðalag. Brotist hafði verið inn og íbúð hans þrifa hátt og lágt.

Í lögregluskýrslu segir að maðurinn hafi tilkynnt innbrot. Lögreglumenn fóru á vettvang. Kom í ljós að ýmsir hlutir höfðu verið færðir til. Hins vegar virðist sem ekkert hafi verið tekið.

Leit stendur nú yfir að þeim sem braust inn í íbúðina. Lögreglan hefur ekki hugmynd um hver var þar á ferð. Þá hefur eigandi íbúðarinnar engan grunaðan. –jóe

Framvísaði milljón dollara seðli

BANDARÍKIN 33 ára bandarískur karlmaður er í haldi lögreglu eftir að hann reyndi að leggja einnar milljónar dollaraseðil inn á bankareikning sinn. Seðillinn varð honum þó ekki að falli heldur amfetamínoki.

Maðurinn kom inn í banka í Siouxborg í Iowa-ríki og sýndi gjaldkera seðilinn. Sá grunaði viðskiptavininn um eitthvað misjafnt enda 100 dollara seðillinn sá stærsti sem er í umferð. Milljón dollarar eru andvirði rúmlega 100 milljóna íslenskra króna.

Gjaldkerinn spurði hvort maðurinn ætti fleiri slíka seðla og játti hann því. Þegar hann seildist eftir þeim datt þóki með amfetamíni úr vasa hans. Í kjölfarið var hann handtekinn. Maðurinn kemur fyrir dóm í dag. –jóe

Lentu undir aurflóði



Indverskir hermenn, sjálfboðaliðar og björgunarfólk sjást hér grafa í aur og drullu í leit að eftirlifendum aurflóðs sem féll í Mandi, í Himachal Pradesh héraði, á Indlandi í gær. Tvær rútur voru á ferð um þjóðveginn þegar flóðið lenti á þeim. Minnst 48 eru láttnir og sjö særðir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Borgarsjallar funda um leiðtogaprófkjör

Í liðinni viku samþykkti Vörður að boða til leiðtogaprófkjörs fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor. Skiptar skoðanir eru um málið. Sambærileg tillaga var slegin út af borðinu árið 2013 eftir kröftug mótmeili gegn henni. Fundað verður aftur um málið í kvöld.

STJÓRN MÁL Skiptar skoðanir eru meðal Sjálfstæðismanna í borginni um ágæti boðaðs leiðtogakjörs fyrir borgarstjórnarkosningarnar sem fyrirhugað er í október. Stjórn Varðar fundar í kvöld vegna málsins.

Á fundi stjórnarinnar á miðvikudag í síðustu viku var samþykkt að boða til leiðtogakjörs. Áætlað er að það fari fram í 21. október næstkomandi. Kjörrið færi þannig fram að oddviti listans yrði kjörinn en síðan tæki uppstillinganefnd við og myndi stilla upp í önnur sæti listans. Sambærileg tillaga var lögð til fyrir borgar-

stjórnarkosningarnar fyrir fjórum árum en hún að lokum dregin til baka.

Nú, líkt og þá, eru skiptar skoðanir meðal flokksmanna um ágæti leiðtogaprófkjörsins. Á síðustu dögum hefur Fréttablaðið átt samtöl við nokkra Sjálfstæðismenn sem eru andvígir þessari leið. Telja þeir meðal annars að dagsetningin, 21. október, sé óhentug og að mögulegir frambjóðendur muni veigra sér við að taka slaginn svo snemma. Þá þykir mörgum tillagan ekki nægilega lýðræðisleg. Allir báðust hins vegar undan viðtali. „Ég lagði fram þessa málamiðlun-

Það er landsfundur í byrjun nóvember og við töldum heillavænlegast að oddviti og borgarstjóraefni lægi fyrir fyrir hann

Árni Arnason, stjórnarmaður í Verði.



artillögu á stjórnarfundinum eftir að búið var að ræða ýmsar aðrar leiðir varðandi val á lista,” segir Árni Arnason, stjórnarmaður í Verði.

Árni segir eðlilegt að innan flokksins heyrist ólíkar raddir enda flokkurinn í eðli sínu breiðfylling. Mikil og góð umræða hafi farið fram um tillöguna en eftir að hún var samþykkt hafi viðbrögðin verið jákvæð, meira að segja frá fólki sem styður ekki flokkinn.

„Það er landsfundur í byrjun nóvember og við töldum heillavænlegast að oddviti og borgarstjóraefni lægi fyrir fyrir hann. Annars sé hætta á að landsfundurinn litist af þeim slag en ekki þeirri málefnavinnu sem þar á að fara fram,” segir Árni.

Í Fréttablaðinu í síðustu viku var

sagt frá því að heimildir hermdu að tveir núverandi aðstoðarmenn ráðherra, Borgar Þór Einarsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir, væru að velta fyrir sér framboði. Sömu sögu væri að segja af þremur sitjandi borgarfulltrúum.

„Með leiðtogaprófkjörinu ferðu í „allt eða ekkert“ slag. Fólk sem vill leiða listann, en hefur ekki endilega áhuga á að taka neðri sæti, er líklegra til að bjóða sig fram,” segir Árni. „Uppstillingarnefndin sér síðan til þess að listinn verði ekki of einsleitur og endurspegli þá flóru sem býr í borginni.“ johannoli@frettabladid.is

Við hjálpum þér að bæta lífsgæðin



Rexton™ heyrnartækin opna nýjar leiðir í samskiptum og auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Nýr Golf. Með magnaða tilfinningu sem staðalbúnað.

Sara Björk Gunnarsdóttir

Fyrirliði kvennalandsliðsins og Þýskalandsmeistari í knattspyrnu



Við kynnum nýjan Volkswagen Golf sem er engum líkur. Hann kemur í ótal útfærslum þannig að þú finnur örugglega þann eina rétta fyrir þig. Svo býr hann yfir eiginleikum og búnaði sem breyta akstrinum í hreint magnaða tilfinningu. Komdu og prófaðu nýjan Golf. Þú mátt til með að finna muninn.

Verð frá aðeins **3.150.000 kr.**

Við látum framtíðina rætast.



Metan bílarnir eru komnir til landsins!



Volkswagen

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

Enn er leitað að sænskri blaðakonu

DANMÖRK Peter Madsen, danskur auðkýfingur og kafbátasmiður, er í haldi lögreglu grunaður um manndráp af gáleysi. Leit stendur yfir að sænskri blaðakonu sem síðast sást í för með manninum í kafbáti hans.

Málið er hið óvenjulegasta. Hin þrítuga Kim Wall fór ásamt Madsen í kafbátinn Nautilus til þess að rita grein um bátinn. Báturinn sökk hins vegar í för þeirra á föstudag og var Madsen bjargað. Ekkert hefur spurst til Wall.

Leitað var í kafbátinum í gær og sást hvorki tangur né tetur af Wall. Að sögn Madsen hafði hann skilað Wall upp á þurrt land áður en kafbáturinn sökk og segist hann ekki hafa hugmynd um afdrif hennar eftir það. Daninn gaf þá skýringu að Nautilus, sem eitt sinn var stærsti kafbátur heims í einkaeigu, hefði sokkið vegna bilunar en það stangast á við athugun lögregluvirkvalda sem telja að honum hafi verið grandað af ásettu ráði.

Kærasti Wall tilkynnti hvarf hennar eftir að hún skilaði sér ekki úr ferðinni. Leit stendur yfir og hafa leitarmenn ekki gefið upp von um að hún finnist á lífi. Madsen verður í 24 daga varðhaldi á meðan á rannsókn stendur. – jõe



Lögreglumenn skoða Nautilus. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Einn lést þegar bíl var ekið inn í hóp fólks sem sýndi þjóðernissinninum í Charlottesville andstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Varg- og vígöld í Virginíu-ríki

Hópi þjóðernissinna og andstæðinga þeirra laust saman í Charlottesville í Virginíu um helgina. Neyðarástandi lýst yfir í borginni. Minnst einn lést.

BANDARÍKIN Minnst einn lést og á fjórða tug er slasaður eftir átök milli þjóðernissinna og andstæðinga þeirra í Charlottesville í Virginíu um helgina. Ástandið í borginni er afar eldfimt. Forseti Bandaríkjanna liggur undir ámæli fyrir að hafa ekki fordæmt framgöngu þjóðernissinnanna nægilega.

Frá því í apríl á þessu ári hafa nýnasistar, meðlimir Ku Klux Klan og annarra þjóðernishópa gengið reglulega í borginni til að mótmæla því að stytta af Robert E. Lee, hershöfðingja Suðurríkjanna í þrælastriði Bandaríkjanna, var fjarlægð. Með hverri göngunni hefur fjölgað í hópi þeirra sem mótmæla göngu þjóðernissinnanna.

Gengið var undir kvöld á föstudegi og laust fylkingunum þá saman. Hið sama gerðist á laugardag. Hóparnir hrópuðu meðal annars slagorð um að þeir yrðu ekki fjarlægðir auk þess að heilsa að nasistasíð. Þá voru einhverjir sem höfðu orð á því að þeir væru að uppfylla kosningaloforð Donalds Trump.

Einn lést þegar tvítugur hryðjuverkamaður, James Alex Fields, ók bíl sínum inn í hóp fólks sem hafði komið saman til að mótmæla framgöngu nasistanna, rasistanna og annarra þjóðernissinnaðra hópa. Sú sem lést hét Heather Heyer og starfði á lögmansstofu. Neyðarástandi var í kjölfarið lýst yfir í ríkinu og bann lagt við samkomum utandyra.

„Til allra hvítra þjóðernissinna og

nasista sem komu til Charlottesville í dag: Farið heim. Þið eruð ekki velkomnir hér í þessu mikla ríki,“ sagði Terry McAuliffe, ríkisstjóri Virginíu, á blaðamannafundi sem haldinn var eftir voðaverkin.

Skipuleggjandi göngu þjóðernissinnanna, Jason Kessler, hélt sjálfur blaðamannafund þar sem hann sagði að lögreglumenn borgarinnar hefðu ekki staðið sig í stykkinu við að koma í veg fyrir átökin. Hann náði ekki að klára að lesa yfirlýsingu sína eftir að almenningur gerði aðsúg að honum og hrópaði hann af sviðinu. Kröfðust menn þess meðal annars að Kessler yrði dreginn til ábyrgðar vegna handalögmálanna og fyrir að vera óbeint valdur að dauða ádurnefndrar Heyer.

„Hatrinu og sundrunginni verður að linna ekki síðar en nú,“ sagði Donald Trump í ávarpi sínu. Hann fordæmdi einnig þessa birtingarmynd hatus, fordóma og ofbeldis „margra aðila“. Athygli vakti að forsetinn nefndi ekki sérstaklega rót atakanna, það er göngu þjóðernissinnanna. Stjórnmalámennt, bæði úr flokki Demókrata og Repúblikana, hafa sent forsetanum pillu fyrir að ganga ekki nægilega langt í yfirlýsingu sinni.

„Hr. forseti – við verðum að kalla illsku sínu rétta nafni. Þetta voru hvítir þjóðernissinnar og þetta voru innlend hryðjuverk,“ sagði Cory Gardner, öldungardeildarþingmaður Repúblikana, meðal annars í tísti. johannoli@frettabladid.is

Ert þú klár í skólann?



Úrval af skrifborðsstólum



Úrval af skrifborðum



Úrval af bókahillum og ýmsu öðru fyrir herbergið



ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

60+

Fræðslufundur um rétt til ellilífeyris

í BSRB-salnum, Grettisgötu 89
fimmtudaginn 17. ágúst kl. 15.00.

Farið verður yfir lög um almannatryggingar m.a. tekjutengingar og frítekjumörk.

Skráning á tr.is.

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is



Pálmar Sigurpálsson,
nemandi Framabraut – Kerfisstjórnun.

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

– með tækninámi hjá Promennt



FRÆDSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA



FJARKENNSLA
Í BEINNI



LÁNSHÆFT
NÁM

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

- Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa
- sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein.
- Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.**

VIÐFANGSEFNI

Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
• MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemandur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ – STARFSNÁM

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Microsoft, Nýherja, Opin kerfi, Advania og Sensa. Nemandum gefst kostur á að fara í starfsnám tvisar sinnum á námstímanum.

Hefst: **28. og 29. ágúst 2017** • Lýkur: **Júní 2018**

*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

TÆKNINÁM

þriðjudaginn

15. ágúst. kl. 17:30

AÐRAR LÁNSHÆFAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

Netstjórnun – CCNA

Hefst: **4. september**



Kerfisstjórnun: MCSA+O365

Hefst: **28. og 29. ágúst**

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemandur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

PROMENNT

SKOÐUN

Ærandi þögn



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Samkoma og grimmileg ofbeldisverk hvítra þjóðernissinna í bænum Charlottesville í Virginíu koma því miður ekki á óvart. Þvert á móti er þetta líkamning þeirra öldu þjóðernishyggju og ófgahægristefnu sem gengur yfir hinn vestræna heim. Á því er Ísland engin undantekning, því miður, þó svo hér höfum við ekki enn séð samkomur eða árásir á borð við það sem átti sér stað í Bandaríkjunum. Það þarf þó ekki að leggja til mikla rannsóknarvinnu til þess að sjá fordómafull viðhorf haturs, þjóðernishyggju og aðskilnaðar í íslensku umræðu. Það er því brýnt fyrir íslenskt samfélag að taka af fullri alvöru umræðuna um þjóðernishyggju og ófgahægrimennsku og það er umræða sem allir flokkar og allir stjórnmálamenn þurfa að taka þátt í og enginn getur skotið sér undan með þögninni og því samþykki sem í henni felst.

Í kjölfar atburðanna í Bandaríkjunum sjáum við einmitt hvaða afleiðingar þegjandi samþykki ríkjandi valdhafa og það valdamesta manns heims getur haft á þróun þessara mála. Donald Trump fordæst að fordæma bæði hugmyndafræði og ofbeldisverk hvítra þjóðernissinna, enda áttu þeir sinn þátt í að koma honum til valda, sem fyrir vikið líta á það sem stuðning við sinn brenglaða málstað. Íslenskir ráðamenn þurfa auðvitað að fordæma þessa atburði, rétt eins og aðrir þjóðarleiðtogar og setja með því þrýsting á valdhafa vestanhafs. Að láta sem þessir atburðir séu einhvers konar einkamáli Bandaríkjanna er aðeins til þess að auka svigrúm fyrir slíkt þjóðernishyggjubrótt.

Í Bandaríkjunum eru fulltrúar fordóma, haturs og ofstækis í miklum meirihluta hvítir karlmenn á þrítugs- og fertugsaldri. Karlmenn sem alast upp við lágt menntunarstig, bágan efnahag og veröld án tækifæra önnur en helst þau að ganga til liðs við herinn og vera í framlinu hernaðaráttaka. Þeir eru reknir áfram af minni-máttarkennnd, ótta við annað en það sem fyllir þeirra litlu veröld frá degi til dags og fordóma gagnvart öllu öðru. En ekkert af þessu er afsökun heldur aðeins ákveðin skýring á fáfræði og hatri eða með öðrum orðum, orsök og afleiðingu.

Með sama hætti virðist þjóðernishyggjan á Íslandi oft leita réttlætunar í bágun aðstæðum ákveðinna samfélagsþópa og vísa til þess að þar sem hér búi fólk við fátækt þá sé við innflytjendur og flóttamenn að sakast. Þetta er auðvitað æpandi rökleysa þar sem misskiptingin í íslensku samfélagi á sér allt aðrir skýringar en sú takmarkaða þjónusta sem við veitum fólki sem hingað leitar í sárrí neyð. Þessi orðræða um að það sé ekki hægt að gera betur við fátæka, gamla fólk, öryrkja og heilbrigðiskerfið af því að það sé verið að sinna útlendingum og flóttafólki er þannig ekkert annað en hatursorðræða af síðustu sort.

Þetta verða íslensk stjórnmál og þá fyrst og fremst valdhafar að áréta svo gerlegt sé að hrekja þessa fordóma og það mannhatur sem þeim fylgja í eitt skipti fyrir öll. Það er þó hætt við því að það verði seint á meðan ráðandi öfl virðast vera að auka á misskiptinguna í samfélaginu frekar enn hitt. Haldi sú þróun áfram þegjandi og hljóðalaust út í eitt og hið óendanlega er hætt við að illa fari.




Þessi orðræða um að það sé ekki hægt að gera betur við fátæka, gamla fólk, öryrkja og heilbrigðiskerfið af því að það sé verið að sinna útlendingum og flóttafólki er þannig ekkert annað en hatursorðræða af síðustu sort.

Traust og örugg þjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga

www.simafelagid.is

Símafélagið

Halldór



Frá degi til dags

Rangur titill

Jóna Sólveig Elinardóttir, varaformaður Viðreisnar, reit í liðinni viku grein í Fréttablaðið sem bar fyrirsögnina „Ef það er bilað, lagaðu það!“ Gerði hún þar íslensku krónuna að umræðuefni. Er það ekki í fyrsta skipti, og eflaust ekki hið síðasta, sem varaformaðurinn ræðir málið og sömu sögu er að segja af flokkssysteminum hennar. Þetta virðist nefnilega vera þeim hjartans mál. Hingað til hefur hins vegar verið minna um að verk fylgi orðum og alls kostar óvist hvort það verður. Réttnefni á greinina hefði því verið: „Ef það er bilað, talaðu um það!“

Bitist um hræðslufylgið

Nýr stjórnmálaflokkur bættist við í flóru íslenskra stjórnmála á dögum. Kallast sá Frelsisflokkurinn og fara kollegarnir Gústaf Nielsson og Gunnlaugur Ingvarsson fyrir þeim flokki. Er þarna á ferðinni klofningsflokkur úr Íslensku þjóðfylkingunni sem bauð fram í tveimur kjördæmum síðasta haust og hlaut alls 303 atkvæði. Miðað við fyrstu upplýsingar um flokkinn er ekki ólíklegt að hann muni reyna að sækja atkvæði í þann hóp sem nú styður aðurnefnda Þjóðfylkingu eða Flokk fólksins. Áhugafólk um stjórnmál hlýtur að bíða sveitt á efri vörinni eftir þeim slag. joli@365.is

Raunsæi – endilega



Ari Trausti Guðmundsson
pingmaður
Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs



Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar, harðlega gagnrýndri á Alþingi, er alls ekki nægu fjármagn beint til orkuskipta eða mót-vægisáðgerða gegn loftslags-hlýnun.

Þegar rætt er um rafvæðingu fólksbílaflotans fyrir 2030 er mikilvægt að að hafa báða fætur á jörðinni. Nóg er af talsýnum í stjórnmálum. Sannarlega verður að leggja mikla áherslu á þessa breytingu og hún er afar jákvætt framlag í loftslagsmálum. En þegar greint er nákvæmlega og horft til heildar blasir við að ferlið er flóknara en svo og til eru aðrar jafn mikilvægar áðgerðir eða mikilvægari en rafvæðing fólksbíla, allt eftir samfélagsgeirum. Endurheimt votlendis og uppgræðsla illa farins lands er dæmi um það. Annað dæmi er full rafvæðing hafna.

Framþróun í vistvænum samgöngum fer fram með því að nýta fjölbreyttari orkugjafa en rafmagn. Stærri vinnuvélar og stórir bílar geta og verða að skipta yfir í innlent metan, metanól og lífdísil og vetnisknúnríffólksbílar og stórir bílar eru ein lausn af nokkrum. Loks verður að koma flota stærri skipa yfir á innlent metan, metanól og lífdísil, jafnvel vetni, en minni skip og bátar ýmist keyra á rafmagn eða innlendu eldsneyti. Íblöndun þotueldsneytis er líka kleif. Engin ein leið getur orðið einhvers konar syndaaflausn fyrir 2030, eða síðar.

Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar, harðlega gagnrýndri á Alþingi, er alls ekki nægu fjármagn beint til orkuskipta eða mót-vægisáðgerða gegn loftslagshlýnun. Það er deginum ljósara að 1,6 milljarða króna viðbót til umhverfismála á þremur af fimm árum áætlunarinnar, að frádregnum byggingarkostnaði gestastofa og fleiri bygginga, dugar hvergi nærri til. Í ofanálæg á að skera niður framlög til umhverfismála um 300 milljón krónur í tvö ár. Til nýsköpunar reiknast um 120 milljón króna viðbótarframlög á ári að meðaltali í fimm ár og orkuskipti fá um 70 milljón króna framlag í þrjú ár. Það þarf áreidanlega nýja forystu í því langa og flókna ferli sem orkuskiptin eru, þar sem raunsæi og þekking stjórnmálamanna, fjárfrelög samfélagsins, þátttaka almennings og fyrirtækja og þekking sérfræðinga visar veginn.

Þeir gegn okkur

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson

Ofbeldissveitir karla sem kenna sig við „Hitt hægríð“ („Alt. Right“) stóðu á dögum fyrir óeirðum í Charlottesville í Virginíu-fylki í Bandaríkjunum. Þeir veifuðu nasistafánun og kyndlum, öskruðu ókvæðisord og létu ófriðlega. Þegar annar hópur mótmælti þessum aðförum var framið hryðjuverk af svipuðum toga og Evrópubúar hafa fengið að kynna að undanförunu: Bíl var ekið inn í hópinn og kostaði mannlíf.

Ræða Trumps

Þá var loksins kominn tími til þess að forsetinn tjáði sig um óeirðir þessara manna sem líta á hann sem fulltrúa sinn í Hvíta húsinu. Hann sagði: „Við fordæmum eins kröftuglega og unnt er þessa smánarlegu birtingarmynd hatur, fordóma og ofbeldis frá mörgum hliðum. Frá mörgum hliðum. Þetta hefur verið lengi í gangi í okkar landi. Ekki Donald Trump. Ekki Barack Obama. Þetta hefur verið lengi lengi í gangi.“

Þegar maður horfir á ræðuna fer ekki hjá því að manni detti í hug að hann lesi fyrst setningu sem undirbúin hefur verið handa honum, með virðulegum og forsetalegum orðum eins og „egregious“ („smánarlegur“) sem hann horfir á nokkra stund áður en hann les það; svo lítur hann upp og setningafræðin fer að taka á sig kunnuglegri mynd – og rökvisin eftir því – þegar hann talar um „margar hliðar“ og endurtekur það áður en koma svo hinar einkennilegu setningar um Donald Trump og Barack Obama.

Ummæli forsetans hafa vakið hneykslun og óhug fyrir þá sök að hann skuli ekki fordæma sérstaklega þann lýð sem veður uppi í hans nafni og stendur fyrir óeirðum og skrúslátum í Charlottesville heldur leggja áherslu á að aðrir séu ekki skárri og að svona hafi þetta lengi verið – og þetta sé ekki sér að kenna.

Hvernig gat það gerst að við sitjum uppi með annað eins eintak af forseta Bandaríkjana? Fólk sem kys svona mann sem leiðtoga sinn hlýtur að hafa mjög veika og furðulega sjálfsmynd og virðist láta sér í léttu rúmi liggja þá hættu sem stafar af mannum, bæði innanlands og þá ekki síður á alþjóðavettvangi.

Sá vanhæfasti...

Orðaskak Bandaríkjaforseta og leiðtoga

Norður-Kóreu er komið á það stig að maður er farinn að óttast það alvarlega að kunnir að koma til notkunar kjarnorkuvopna; þarna eigast við tveir óútreiknanlegir viðvaningar í alþjóðastjórnáttum, báðir með langræktadan minnimáttar-komplex, báðir ófærir um að horfast í augu við afleiðingar gjörða sinna. Báðir komnir í leiðtogasæti sem þeir eiga ekkert erindi í; báðir eins og gangandi sönnun fyrir lögmálinu sem Darwin fattaði ekki að er öllu æðra: Sá vanhæfasti lifir af.

Það er illa komið fyrir heiminum þegar maður bindur vonir sínar við að kommúnistakapitalistarnir í Kína og KGB-mennirnir í Rússlandi komi vitinu fyrir þá Trump og Kim sem geta haft órlög mannkyns í hendi sér.

Donald Trump sagði í sínu dæmalausa ávarpi í kjölfar hryðjuverksins í Charlottesville að ofbeldið, hatríð og fordómarnir komi frá mörgum hliðum. Það er ekki satt. Það kom aðeins úr einni átt í því tilviki sem þar um ræddi: Þar réðust ofbeldisbullar á fríðsama mótmælendur. Í rauninni er þetta ekki flókið: Þetta eru þeir gegn okkur.

Nasistarnir í Charlottesville eru ungir karlmenn í vandræðum með sig, með óljósa og veika sjálfsmynd, atvinnulausir, iðjulausir, gagnslausir, dáðlausir, og þrá merkingu í líf sitt, fylltir af hatri á óviðkomandi fólki og ranghugmyndum um að gengisleysi þeirra í veröldinni sé öðru og jafnvel enn fátækara fólki að kenna, en ekki þróuninni í þjóðfélag þar sem hámarksgróði stórfyrirtækja er settur ofar en hagsmunir fólks og öllum er sama um þann sem dregst aftur úr.

Sjálfbodaliðarnir í ISIS og al-Kaída og hvað þau nú heita þessi glæpasamtök sem aðhyllast wahabisma þann sem boðaður er af heift af helstu bandamönnum Trumps í Austurlöndum, Sádi-Aröbum – þetta eru ungir karlmenn í vandræðum með sig; með óljósa og veika sjálfsmynd, atvinnulausir, iðjulausir, gagnslausir, dáðlausir, og þrá merkingu í líf sitt, fylltir af hatri á óviðkomandi fólki.

Þetta eru þeir, wahabísku nasistarnir, hernaðarhyggjumennirnir sem trú á byssur, eyðingu og eitt svar við hverri spurning. Þeir eru í stríði við okkur sem erum mjög og feit og löng og stutt og kristin og heiðin og islamstrúar og búddistar, karlar, konur og börn.



Donald Trump sagði í sínu dæmalausa ávarpi í kjölfar hryðjuverksins í Charlottesville að ofbeldið, hatríð og fordómarnir komi frá mörgum hliðum. Það er ekki satt.

Misgerðir sem verða ekki fyrirgefna



Tryggvi
Gíslason
fyrirverandi
skólameistari

Sumar misgerðir verða ekki fyrirgefna, hvorki samfélagslega né trúarlega. Verstar af þessum misgerðum, sem ekki er unnt að fyrirgefa, er ofbeldi gegn börnum, einkum kynferðislegt ofbeldi og kynferðisleg misnotkun barna, og annað ofbeldi svo sem skammir og barsmíðar. Ofbeldi gegn konum – og „for den sagskyld“ ofbeldi gegn okkur körlum – svo og hvers konar líkamsmeiðingar á fólki, af sumum taldar til íprótta, eru skammarlegar, en allt ofbeldi er framið vegna siðblindu og í sumum tilvikum vegna geðbilunar.

Hernaðarofbeldi, sem í flestum tilvikum á rætur að rekja til gróðafíknar kapitalista og við heyrum af úti í hinum stóra heimi, bitnar ávallt á saklausu fólki, einkum konum og börnum, og eru þyngri en tárur taki og eru einnig misgerðir sem ekki er unnt að fyrirgefa. Hernaðarofbeldi – eins og allt annað ofbeldi

– er ein grundvallarmynd valdabaráttu siðblindra stjórnvalda þar sem valdasjónarmið ráða.

Kristileg fyrirgefning

Í grein 16. apríl 2013, sem nefnd er „Fyrirgefning – ekki alltaf svarið“, spyr Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræðilegri siðfræði við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, hvort fyrirgefningarlíkan Nýja testamentisins sé gagnlegt í dag – og hún segir:

„Ég tel það. Sérstaklega held ég að þeir sem vinna með einstaklingum sem brotið hefur verið á, svo sem þolendum ýmiss konar ofbeldis, andlegs, líkamlegs og kynferðislegs, geti haft visst gagn af því að styðjast við það. Valdasjónarmið þau sem koma fram í því eru þrátt fyrir allt alls ekki fjarri okkar veruleika. Öll tengsl okkar við annað fólk eru valdatengsl ef því er að skipta. Í ofbeldisaðstæðum nær annar aðilinn valdi yfir hinum og í krafti þess valds getur hann beitt ofbeldi. Að losna undan sálrænu valdi persónu sem hefur meitt mann og sært er mjög erfitt og tal um fyrirgefningu hjálpar ekki alltaf í þeim aðstæðum. Ef gerandinn hvorki viðurkennir verknáð sinn né reynir að bæta fyrir brot sitt skyldum við, með vísan í Nýja

testamentið, sleppa öllu tali um fyrirgefningu. Þótt fyrirgefningin sé okkur kristnum kær er fyrirgefning ekki alltaf svarið.“

Bent skal á að kristin fyrirgefning er að dómi prófessorsins í guðfræðilegri siðfræði ekki alltaf svar við ofbeldi – og til sé annað svar. Auk þess ber að hafa í huga á þessum síðustu og verstu tímum, hafa menn, sem kallaðir eru löglærðir og hafa gegnt dómarastörfum við Hæstarétt Íslands, mæla með uppreist æru brotamanna, sem gerst hafa sekir um kynferðisleg ofbeldi og misnotkun á börnum og telja uppreist brotamanna eftir slíkar misgerðir til mannréttinda. Þarna skortir eitthvað á skilning, siðferði og heiðarleika.

Skóggangur

Í lögum íslenska þjóðveldisins eru ákvæði um hegningar við alvarlegustu brot. Þyngsta refsing, sem lögin gerðu ráð fyrir, var svo nefndur skóggangur, ævilöng útleð úr landinu – brottrekstur úr mannlegu samfélagi.

Ef til vill væri ekki úr vegi að huga að því aftur að taka aftur upp einhvers konar skóggangsdóm yfir brotamönnum sem gerast sekir um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og annað skelfilegt ofbeldi.

SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ



MAGNOLIA OFFICINALIS

Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu



Hrafnhildur Ólafsdóttir starfar við sjálfbodavinnu í Rauða Kross búðinni. „Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Eg tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofað betur í mörg ár.“

Bætt heilsa og betri líðan með Natural Health Labs 100% náttúruleg bætiefni



Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhornid Blómaval, Heilsulausan.is, Heimkaup og Iceland Englíjhjalla.

BALSAM
balsam.is

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM


TUDOR

Bildshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Við erum komin í Hafnarfjörðinn

við hliðina á Bónus

gæludýr.is



VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is



Sindri Snær Magnússon, fyrirlíði ÍBV, lyftir Borgunarbikarnum eftir 1-0 sigur Eyjamanna á FH-ingum á Laugardalsvelli á laugardaginn. Þetta er fimmti bikarmeistaratitill ÍBV. MYND/HAFLLIDI BREIDFJÖRD

Ólýsanlegt að gera þetta með ÍBV

Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði markið sem tryggði ÍBV fyrsta stóra titilinn í 19 ár. Hann segir Eyjamenn hafa spilað vel í bikarúrslitaleiknum gegn FH og að leikáætlun þeirra hafi gengið fullkomlega upp. Gunnar Heiðar nýtur þess að vera heill, spila og skora mörk.

FÓTBOLTI Þegar Gunnar Heiðar Þorvaldsson sneri aftur til ÍBV fyrir tveimur árum sagði hann að það eina sem hann ætti eftir að afreka á ferlinum væri að vinna titil með ÍBV. Hann gat strikað það af listanum á laugardaginn.

Gunnar Heiðar skoraði þá eina markið í 1-0 sigri ÍBV á FH í úrslitaleik Borgunarbikarsins á Laugardalsvelli. Þetta var í fimmta sinn sem ÍBV verður bikarmeistari og í fyrsta sinn síðan 1998 sem liðið vinnur stóran titil. Langri bið eftir titli lauk því á laugardaginn.

„Við erum í skýjunum með þetta og við erum vel að þessu komnir,“ sagði Gunnar Heiðar í samtali við Fréttablaðið. Að hans sögn fengu bikarmeistararnir höfðinglegar móttökur í Eyjum á laugardagskvöldið.

„Þetta var ótrúlegt. Þegar maður bjó úti sá maður móttökurnar sem handboltaliðið fékk og gerði sér einhverja grein fyrir hvernig þetta væri. En þetta var miklu meira og flottara en það.“

Eftir að hafa orðið markakóngur Landsbankadeildarinnar með silfurliði ÍBV 2004 hélt Gunnar Heiðar út í atvinnumennsku. Hann lék í alls ellefu ár erlendis, með níu félögum í sex löndum. Hann sneri aftur til ÍBV um mitt sumar 2015 og er núna kominn með titil á ferilskrána. Gunnar Heiðar, sem er 35 ára, segir þá tilfinningu að vinna titil með uppeldisfélagi sínu afar góða.

„Ég held að það sé örugglega enn sætara að vinna titil með sínu uppeldisfélagi en öðru félagi. Ég þekki það reyndar ekki, þetta var minn fyrsti titill. Að hafa gert þetta með ÍBV er ólýsanlegt. Ég gæti ekki verið sáttari,“ sagði Gunnar Heiðar.

